
ENGJABORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Maí 2014

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

INNGANGUR	3
LEIKSKÓLINN ENGJABORG	3
GREINING	4
ÞAÐ SEM VEL ER GERT	4
TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA	4

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Berglind Hansen

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Kristín Sæmundsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Engjaborg sem fram fór í janúar og febrúar 2014. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: – að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja að, svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í febrúar 2014 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 10.-19. febrúar. Matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun og starfsmannakönnun sem safnað var 10.-28. febrúar og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN ENGJABORG

Leikskólinn Engjaborg tók til starfa 16. maí 1994 og er staðsettur í Reyrengi 11, 112 í Reykjavík.

Leikskólastjóri er Valborg Hlín Guðlaugsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Brynja Benediktsdóttir.

Í leikskólanum eru fjórar aldursskiptar deildir, 79 börn voru í leikskólanum í febrúar og mars 2014. Yngstu börnin, 2-3 ára eru á Suðurengi, 3-4 ára börnin eru á Austurengi, 4-5 ára eru á Norðurengi og 5-6 ára á Vesturengi.

ÞAÐ SEM VEL ER GERT

Einkunnarorð leikskólans eru sýnileg í leikskólanum. Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn og foreldra í daglegu starfi. Hann stuðlar að gerð nýrrar skólanámskrár sé samvinnuverkefni starfsfólks og foreldra. Einnig hvetur hann starfsfólk til náms í leikskólafræðum. Verkaskipting starfsfólks er skýr og vinnuaðstaða góð. Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans, stolt af starfi sínu og líður vel í starfi. Starfsfólk upplifir að framlag þeirra til leikskólans sé metið. Einnig eru samskipti og viðmót starfsfólks við börn og foreldra vinsamleg. Reglur í leikskólanum eru skýrar og börnin þekkja þær. Dagskipulag er myndrænt og jafnvægi er á milli rólegra og fjörugra athafna og sjálfsprottnum leik barna er gefið gott rými. Þau eru áhugasöm í leik og dugleg að bjarga sér. Vel er staðið að tónlistarstund sem vekur áhuga og ánægju meðal barnanna. Vel er tekið á móti börnum og foreldrum þegar þau koma að morgni. Boðið er upp á foreldrasamtöl reglulega sem gefa foreldrum tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum. Foreldrar eru ánægðir með leikskólann og samskipti og viðmót frá starfsfólki. Þeir eru ánægðir með upplýsingaflæði frá leikskólanum og eru virkir þátttakendur í viðburðum á vegum leikskólans. Umbótaáætlun er borin undir foreldraráð. Húsnæði leikskólans gefur góða möguleika til leikja og náms og útsvæði til fjölbreyttrar þekkingarleitar.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Stjórnendur¹ sjái til þess að í nýrri skólanámskrá komi stefna, sýn og áherslur leikskólans skýrt fram. Móta áætlun um innleiðingu og eftirfylgd með hugmyndafræði Reggio Emilia og um flæði. Efla faglegt leiðtogahtutverk stjórnendateymis² og gæta þess að þróun og nýjungar í starfsháttum séu teknar upp í samstarfi við starfsmannahópinn og mótaðar með þátttöku þeirra. Móta áætlun um markvisst samstarf barna og starfsfólks milli deilda. Stjórnendur gæti þess að starfsfólk hafi þekkingu á getu og hæfni barna og veiti endurgjöf á störf þeirra. Efla þátttöku starfsfólks í leik barna til að leiðbeina, mynda tengsl og þróa leikinn. Endurskipuleggja fyrirkomulag á deildarfundum og undirbúningstíma starfsfólks til að tryggja að þeir falli ekki niður og auðvelda afleysingu. Móta verklag til að taka á ágreiningsefnum innan starfsmannahópsins til að efla gagnkvæma virðingu og traust. Endurskoða skipulag og mönnun á kaffitíma starfsfólks til að nýta mannauðinn sem best í útiveru og eftir hvíld. Endurskoða útiveru með þarfir barna í huga þannig að nýting á húsnæði og útsvæði verði sem best og barnahópurinn dreifist um umhverfi leikskólans. Nýta betur umhverfi leikskólans sé til þekkingarleitar. Vinna markvisst með mat á námi og velferð barna og sjá til þess að börnin taki þátt í að meta nám sitt, setji sér markmið og komi með tillögur að leiðum í eigin námi. Sjá til þess að leiðbeiningum um foreldraráð frá SFS sé fylgt eftir og skilið sé á milli foreldráðs og stjórn foreldrafélags. Móta áætlun um framkvæmd innra mats og auka fjölbreytni í öflun gagna. Skilgreina viðmið og leiðir að markmiðum í skólanámskrá með aðkomu starfsfólks, barna og foreldra. Tímasetja umbótaáætlun, tilgreina ábyrgðaraðila, hvenær og hvernig eigi að meta árangur aðgerða og tryggja að umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir.

¹Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

²Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri